

tollinnflutningsskýrslu, sem mál þetta reis af. Ber því að sýkna ákærða af öllum liðum ákærunnar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður því eigi krafan um upp-
töku varningsins tekin til greina.

Ákveða ber, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkis-
sjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða,
Jóns N. Sigurðssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ferdinand Jóhannsson, á að vera sýkn saka í máli
þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin
málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns N. Sigurðs-
sonar hrl., að upphæð kr. 1000.00.

Miðvikudaginn 29. febrúar 1956.

Nr. 170/1955. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Kristmundi Guðmundssyni

(Egill Sigurgeirsson).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólífsson og Theódór B. Lindal
prófessor.

Líkamsáverkar. Brot gegn 218. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta
hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu-
laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00
til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristmundur Guðmundsson, greiði allan

áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. október 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 27. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4966/1955: Ákærvaldið gegn Kristmundi Guðmundssyni, en mál þetta var að loknum munnlegum málflutningi tekið til dóms hinn 21. september s.l.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 27. júní s.l., er Kristmundur Guðmundsson iðnnemi, til heimilis að Baldursgötu 20, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 með því að slá Hafþór Svavarsson hinn 16. febrúar 1954, þar sem þeir voru staddir á Lækjartorgi í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að Hafþór hlaut skurð á efri vör, framtönn brotnaði úr efri gömi og önnur framtönn losnaði.

Ákæríst því nefndur Kristmundur Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarlagaákvæði, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Reykjavík 23. ágúst 1933. Hann hefur aldrei sætt kæru eða refsingu, svo vitað sé.

Málsatvik eru sem hér segir:

Þriðjudaginn 16. nóvember 1954 nokkru fyrir klukkan 8 um kvöldið var ákærði að koma úr skóla. Hann kom við í pylsubarnum í Austurstræti gegnt Lækjartorgi. Fyrir utan pylsubarinn var Hafþór Svavarsson, Langholtsvegi 19. Hann var drukkinn. Hafþór slagaði til Hákonar Svans Magnússonar, sem þar var einnig á tali við kunningja sinn. Hafði Hákon reiðhjól með hjálparvél meðferðis. Hafþór bað Hákon leyfa sér að hjóla. Hákon þvertók fyrir það. Reiddist Hafþór og gekk til Hákonar og sló hann krepptum hnefa undir eyrað. Hákon hopaði þegar. Hafþór elti Hákon, sem þá slepti hjólinu. Ætlaði Hafþór þá að slá Hákon í síðuna, en hann vék sér undan högginu. Þessi skipti sá ákærði. Hann gekk þegar út úr pylsubarnum til Hafþórs. Spurði hann Hafþór, hvort hann hefði ekki stærri menn til þess að slást við. Átti hann við Hákon, sem þá var 15 ára að aldri, (Hafþór mun

fæddur 5. marz 1936). Hafþór bað ákærða skipta sér ekki af því.

Runólf Runólfsson, iðnnema og félagi ákærða, bar þarna að. Hvatti hann ákærða og bað hann að standa sig. Hafþór sneri sér þá að Runólfi og sló til hans. Höggið missti marks, straukst aðeins við höku Runólfs.

Ákærði kveðst þá hafa gengið að Hafþóri, tekið fyrir brjóst honum og ýtt honum upp að vegg. Tók Hafþór á móti, og tusk- uðust þeir nokkuð. Að lokum kveðst ákærði hafa sleppt Hafþóri og hörfað frá honum. Þá hafi Hafþór gengið að honum og leitað færís á að slá hann. Hann kom þó engu höggi á ákærða. Kom þar þá að maður, sem bað ákærða að vera ekki að æsa menn upp þarna. Ákærði ýtti manninum frá. Mun nú Hafþór hafa ögrað ákærða og þeir um stund leitað færís hvor á öðrum, unz ákærða tókst að koma vinstri handar höggi á höku Hafþórs og strax á eftir hægri handar höggi, sem kom á kjálka og munn Hafþórs. Hafþór lá af síðara högginu, rotaðist og brotnuðu í honum tvær tennur.

Sakir ölvunar man Hafþór skipti þeirra mjög ógreinilega.

Lögregluþjónar komu þarna að, enda munu þeir hafa verið á næsta leiti. Fluttu þeir Hafþór á lögreglustöðina og tóku ákærða, sem virtist ætla að koma sér undan.

Verjandi ákærða hefur krafizt sýknu fyrir skjólstæðing sinn og talið, að um nauðvarnar- eða nauðréttarverknað af hans hendi hafi verið að ræða. Á það verður ekki fallizt. Í fyrsta lagi var ekki um að ræða yfirvofandi eða byrjaða árás af hendi Hafþórs, er honum var veittur áverkinn. Árás hans á Hákon var lokið. Hákon var kominn á brott. Í öðru lagi hafði það sýnt sig, að ákærði átti í fullu tré við Hafþór, sem var ölvaður, og hafði hann getað haldið honum upp við vegg. Lögregluþjónar voru á næsta leiti, og lög- reglustöðin skammt frá. Ef ákærði vildi koma í veg fyrir frekari átök við Hafþór, gat hann, hvort sem var, farið frá honum eða haldið, þar til lögreglan, sem var á leiðinni og sá, er ákærði sló Hafþór, væri komin.

Brot ákærða þykir réttilega heimfært undir 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Við ákvörðun refsingar samkvæmt áðurnefndu lagafyrirmæli þykir mega samkvæmt 4. tl. 74. gr. hegningarlaganna hafa hlið- sjón af því, að Hafþór hefur, áður en ákærði veitti honum áverk- ann, ögrað honum í orði og æði til þess að slá sig, svo og því, að ákærði hefur aldrei sætt neinum kærnum eða refsingum áður. Þykir refsing hans samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en fresta þykir mega fullnustu refsingar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu

dómsins, verði skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Hafþór Svavarsson hefur gert þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur, sem hann sundurliðar þannig:

1. Læknishjálp í læknavarðstofu	kr.	40.00
2. Eyðilögð föt	—	1000.00
3. Hreinsun á frakka	—	30.00
4. Kostnaður við viðgerð á tönnum	—	1600.00
5. Atvinnutjón vegna veiðiferðar á b/v Akurey, sem Hafþór missti af	—	2000.00
6. Fyrir missi tveggja tanna og fyrir þjáningar og lýti	—	10.000.00

Samtals kr. 14.670.00

Liður 1, 3 og 4 hafa verið samþykktir af verjanda ákærða. Hinum hefur verið mótmælt. Ekki þykir sannað, að föt ákærða hafi galdið slíkt afhroð í viðureigninni, að tjón þess vegna verði metið á 1000 krónur. Ekki hefur verið nægilega upplýst atvinnutjón samkvæmt 5. lið, enda þótt kostur væri á því veittur. Ber því að vísa þessum tveimur liðum kröfunnar frá (liður 2 og liður 5). Að öðru leyti þykir rétt að dæma ákærða til þess að greiða Hafþóri Svavarssyni skaðabætur, sem eftir atvikum þykja hæfilega ákveðnar kr. 5000.00.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda málsins, þeirra Björns Sveinbjörnssonar hdl. og Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af annríki og veikindum dómans.

Dómsorð:

Ákærði, Kristmundur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum, verði skilorð 57. gr. hegningarlaganna, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ákærði greiði Hafþóri Svavarssyni kr. 5000.00.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda, þeirra Björns Sveinbjörnssonar hdl. og Jóhanns Steinasonar hdl., kr. 700.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.